

Miðvikudaginn 12. maí 1976.

Nr. 51/1974. **Guðmundur J. Þórðarson og
Halldóra Sigurðardóttir,
eigendur Þvottahússins Drífu s/f,**
(Baldvin Jónsson hrl.)
gegn
Erlu Þórðardóttur
(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramanir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson og prófessor Sigurður Líndal.

Vinnusamningur. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1974. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefndu, en til vara, að þær verði lækkaðar. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málinu hefur ekki verið áfrýjað að því er varðar þrotabú Borgarþvottahússins h/f.

Ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Aðiljar og nokkur vitni hafa komið fyrir dóm eftir uppsögu héraðsdóms.

Eftir að áfrýjendur tóku að reka þvottahúsið Drífu s/f í húsakynnum Borgarþvottahússins h/f, hélt stefnda óbreyttu kaup, þar með töldum 10% kaupauka, sem hún hafði sérstaklega samið um við fyrri vinnuveitanda sinn. Ekki var rætt um önnur starfskjör hennar, er hún hóf störf hjá áfrýjendum, og mátti hún treysta því, að þau yrðu einnig óbreytt. Hinn 6. febrúar 1973 sagði stefnda upp starfi sínu hjá áfrýjendum. Í uppsagnarbréfinu er einungis tekið fram, að uppsögnin sé gerð „með löglegum fyrirvara“. Aðiljar eru samála um, að um skipti þeirra hafi gilt kjarasamningur, dags. 4. des. 1972, milli Félags íslenskra iðnrekenda og Vinnuveit-

endasambands Íslands annars vegar og Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, Iðju, félags verksmiðjufólks í Hafnarfirði, og Iðju, félags verksmiðjufólks á Akureyri, hins vegar. Í 13. gr. þessa kjarasamnings er svofellt ákvæði: „Fyrir starfsfólk, sem hefur vikukaup, er uppsagnarfrestur vika af beggja hálfu, en 2 vikna uppsagnarfrestur að beggja hálfu fyrir starfsfólk, sem hefur mánaðarkaup. Starfsfólk, sem unnið hefur hjá sama iðnrekanda þrjá mánuði samfleytt eða lengur, skal teljast fastafólk, og er þá uppsagnarfrestur af beggja hálfu 2 vikur, enda þótt því sé greitt vikukaup. En er starfsfólk hefur unnið samfellt eitt ár eða lengur hjá sama iðnfyrirtæki, er uppsagnarfrestur þess tveir mánuðir“.

Meðal gagna, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er bréf frá Iðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík, og Félagi íslenskra iðnrekenda 27. apríl 1976, og segir þar svo:

„1. Tveggja mánaða uppsagnarfrestur starfsfólks, sem unnið hefur samfellt í eitt ár hjá sama iðnfyrirtæki, er gagnkvæmur.

2. Hér skal þess getið, að 3. málgr. 3. gr. kjarasamningsins á einungis við um vaktavinnu.

Um almennan vinnutíma er fjallað í 2. gr. samningsins. Þar stendur, að dagvinna skuli unnin á tímabilinu 7:00—18:00 (nú 7:00—17:00). Heimilt er að semja um aðra tilhögun vinnutíma, en þá þarf samþykki Iðju og Félags íslenskra iðnrekenda að koma til skv. síðustu málgr. 2. gr.

Fyrirtækjum er í sjálfsvald sett, hvenær á tímabilinu 7:00—18:00 dagvinna skal unnin. Verði hins vegar ágreiningur um breytingu á dagvinnutíma innan þessara tímamarka, er litið svo á, að fyrirvari, er nemur uppsagnarfresti viðkomandi starfsmanns, komi til“.

Ekki er ágreiningur um, að framangreindur skilningur á ákvæðum kjarasamningsins sé réttur. Stefnda átti því ekki samkvæmt uppsagnarbréfi sínu að láta af störfum fyrr en í apríllök. Einnig verður við það að miða, að stefnda hafi ekki þurft að hlíta þeirri breytingu á vinnutíma, sem áfrýjandi

Guðmundur ákvað, og að hún eigi því rétt til launa til loka uppsagnarfrestsins 30. apríl 1973.

Eins og rakið er í héraðsdómi, réðst stefnda í vinnu hjá Verksmiðjunni Dúki h/f, eftir að hún hætti störfum hjá áfrýjendum, og fékk þar laun samtals að fjárhæð 22.020 krónur í mars og apríl. Þykir eftir atvikum rétt að draga þá fjárhæð frá kröfu hennar, en reikningslega hefur sú krafa ekki sætt andmælum.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu til stefndu vegna þriggja veikindadaga í febrúar 1973.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu 39.037 krónur ($61.057 \div 22.020$) með 7% ársvöxtum frá 1. mars 1973 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en aðiljar eru sammála um upphafstíma vaxta.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefndu 40.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu hafa vitnaskýrslur og aðiljaskýrslur verið teknar á segulbönd, en eigi skráðar í þingbók. Lögmenn aðilja samþykktu, að þessi aðferð yrði viðhöfð, og vefengja þeir eigi efni skýrslanna. Eru þær lagðar til grundvallar við úrlausn málsins. Um dómskýrslur, sem teknar eru á segulbönd, vísast til athugasemda í dómi Hæstaréttar 8. nóvember 1974.

D ó m s o r ð :

Áfrýjendur, Guðmundur J. Þórðarson og Halldóra Sigurðardóttir, eigendur þvottahússins Drífu s/f, greiði stefndu, Erlu Þórðardóttur, 39.037 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. mars 1973 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 40.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. desember 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 5. desember sl., hefur Erla Þórðardóttir, Grýtubakka 21, Reykjavík, höfðað á hendur þrota-

búi Borgarþvottahússins h/f, Reykjavík, með stefnu, birtri 29. mars sl., og á hendur eigendum þvottahússins Drífu s/f, þeim Halldóru Sigurðardóttur og Guðmundi J. Þórðarsyni, báðum til heimilis að Blikanesi 10, Garðahreppi, með stefnu, birtri 26. mars sl.

Dómkröfur stefnanda í málinu eru þær, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða henni kr. 61.056.60 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 10.419.20 frá 1. mars 1973 til 1. apríl s. á., af kr. 35.737.90 frá þeim degi til 1. maí s. á. og af kr. 61.056.60 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu Borgarþvottahússins h/f hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að fyrirtækið verði sýknað af kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi hennar.

Af hálfu eigenda þvottahússins Drífu s/f hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að þau verði sýknuð af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður samkvæmt ákvörðun dómara.

Sátt var reynd, en án árangurs.

Málsatvik eru þau, að þann 25. ágúst 1971 hóf stefnandi störf hjá stefnda Borgarþvottahúsinu h/f og starfaði í þvottahúsi fyrirtækisins að Borgartúni 3 hér í borg. Þann 23. janúar sl. tók þvottahúsið Drífa s/f að sér starfrækslu þvottahússins, og þann dag tók stefndi Guðmundur Þórðarson við stjórn þar. Þvottahúsið hefur frá þeim tíma starfað undir nafni sameignarfélagsins. Þessi breyting á rekstri þvottahússins að Borgartúni 3 fór þannig fram, að Ragnar Ingólfsson, sem starfaði fyrir Borgarþvottahúsið h/f, fór á þennan vinnustað ásamt forstjóra þvottahússins Drífu s/f, stefnda Guðmundi J. Þórðarsyni. Þeir kölluðu til trúnaðarmann Iðju, félags verksmiðjufólks, Klöru Georgsdóttur, en hún óskaði eftir því, að stefnandi, Erla Þórðardóttir, yrði með á fundinum.

Á þessum fundi var þeim Klöru og Erlu tilkynnt, að til stæði, að Borgarþvottahúsið hætti rekstri, en þvottahúsið Drífa tæki við rekstrinum. Ef af þessu yrði, mundi Guðmundur koma daginn eftir og tilkynna starfsfólkinu, hvað af því yrði ráðið áfram og hvað yrði látið hætta. Morguninn eftir kom Guðmundur á vinnustaðinn og tók við rekstri fyrirtækisins. Meiri hluti starfsfólksins hélt áfram störfum og þar á meðal stefnandi þessa máls, og hélt hún óbreyttu kaupi. Ekki mun hafa verið um það rætt, að breytingar yrðu á starfskjörum stefnanda eða annars starfsfólks, að öðru leyti en því, að Guðmundur mun hafa minnst á það, að

annar vinnutími gildi í öðru þvottahúsi, sem hann rak. Það er hins vegar umdeilt í málinu, hvort Drífa s/f réð stefnanda og annað starfsfólk að nýju eða tók yfir starfssamning þess við Borgarþvottahúsið h/f með samkomulagi við starfsfólkið.

Þann 6. febrúar sl. segir stefnandi þessa máls upp störfum hjá þvottahúsinu Drífu. Segir í bréfi hennar frá þeim degi, sem stílað er til stefnda Guðmundar Þórðarsonar: „Ég undirrituð segi hér með upp störfum hjá þvottahúsinu Drífu með löglegum fyrirvara“.

Ásamt stefnanda sögðu upp þennan dag Halla Hansdóttir og ein starfsstúlka önnur. Halla á í máli við stefndu vegna sömu atriða og Erla. Samkvæmt upplýsingum stefnanda og Höllu Hansdóttur var ástæða uppsagnarinnar sú, að stefndi Guðmundur sagði Klöru Georgsdóttur upp störfum, en hún var trúnaðarmaður þessa vinnustaðar.

Þegar eftir voru eitthvað um 5 eða 6 dagar til mánaðamótanna febrúar/mars, vildi stefndi Guðmundur breyta um vinnutíma á vinnustaðnum til samræmis við það, sem verið hafði hjá honum í öðru fyrirtæki hans. Stefnandi vildi ekki fallast á ákvörðun hans um breytingu á vinnutímanum og kvaðst af heimilisástæðum ekki geta breytt vinnutíma sínum. Deila þessi leiddi til þess, að stefnandi og Halla Hansdóttir fóru á brott af vinnustaðnum þann 20. febrúar sl. Telur stefnandi stefnda Guðmund hafa vísað þeim brott fyrirvaralaust. Stefndi Guðmundur segir aftur á móti, að hann hafi boðið þeim að hætta að vinna, en vildu þær fá greiddan uppsagnarfrestinn áfram, gætu þær haldið áfram vinnu. Hann hafi tekið þetta skýrt fram. Hitt væri annað mál, að hann hafi sagst heldur vilja, að þær hættu, þar sem orðinn væri leiðinlegur andi í fyrirtækinu.

Í málinu sækir stefnandi stefndu til greiðslu in solidum á launum fyrir ógreidda veikindadaga og uppsagnarfrest, samtals að fjárhæð kr. 61.056.60. Upphæð þessa sundurliðar stefnandi samkvæmt framlögðum reikningi þannig:

Vangoldin vinnulaun frá 20.—28. febrúar, 7 dagar,	
kr. 947.20 hver dagur	kr. 6.630.40
10% umsamið álag, 7 dagar, kr. 94.72 á dag eða	— 663.00
3 veikindadagar með sama álagi	— 3.125.76
Uppsagnarfrestur 2 mánuðir með sama álagi	— 50.637.40

Samtals kr. 61.065.60

Stefnandi rökstyður þessa kröfu sína með því, að hún sé meðlimur Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, og hafi verið ráðin til starfa samkvæmt samningi þess félags við Félag íslenskra iðnrekenda og Vinnuveitendasamband Íslands, sem hún hefur lagt fram. Hún hafi tekið laun samkvæmt 2. flokki eftir 9 mánaða starf að viðbættu 10% álagi, sem sérstaklega hafi verið samið um, og sé kröfufjárhæð miðuð við það. Þegar þvottahúsið Drífa s/f tók við starfrækslu þvottahússins, Borgartúni 3, hafi stefnanda ekki verið sagt upp starfi, heldur hafi þvottahúsið Drífa s/f með samkomulagi við hana gengið inn í starfssamninginn, sem hún hafði við Borgarþvottahúsið h/f, enda hafi bæði vinnutími og launakjör verið óbreytt eftir þessa breytingu. Hún eigi því ekki að missa nokkurs af áunnum réttindum við þessa breytingu. Áunnin réttindi eins og lengdur uppsagnarfrestur verði næsta litils virði, ef unnt sé að sniðganga þau með þeim hætti að fá nýjum aðilja í hendur rekstur fyrirtækis, án þess að starfsfólkinu væri sagt upp. Láta hann hafa starfsfólkið í sinni þjónustu út uppsagnartímamann og segja því síðan upp, t. d. með viku fyrirvara, sbr. 13. gr. kjarasamningsins. Þá er á það bent, að hafa verði í huga, að á uppsagnartíma hennar hafi stefndi Guðmundur reynt að fá stefnanda og starfssystur hennar til að breyta mörkum vinnutíma þvert ofan í ákvæði kjarasamnings. Hann mæli fyrir um, að byrjun og lok vinnutíma eigi að ákveðast í samráði við starfsfólk, en þegar þær hafi neitað þessu, hafi hann sagt þeim, að þær hefðu ekkert að gera á staðnum. Það hafi verið sameiginlegur skilningur Iðju og Félags íslenskra iðnrekenda, að ákvæðið bæri að skilja svo, að samþykki starfsfólks þyrfti til að breyta mörkum vinnutíma.

Þá hefur stefnandi lagt fram vottorð heimilislæknis til stuðnings kröfu sinni til greiðslu þriggja veikindadaga.

Þá kveðst stefnandi beina málssókn þessari að Borgarþvottahúsinu h/f sem viðsemjanda sínum, þ. e. þeim aðilja, sem hafi ráðið hana til starfa og beri því ábyrgð á því, að ráðningarsamningur hennar sé virtur. Að stefndu Halldóru sé málssókninni beint sem meðeiganda rekstraraðiljans þvottahússins Drífu s/f, enda verði hún að teljast ábyrg fyrir þeim gerðum, sem meðeigandi hennar framkvæmi fyrir hönd sameignarfélagsins. Að stefnda Guðmundi beinist málssóknin sem öðrum eiganda rekstraraðiljans og þeim aðilja, sem framkvæmt hafi hina fyrirvaralausú uppsögn. Af hálfu stefnanda er talið, að aðild þessara þriggja

tvinnist saman með þeim hætti, að þau verði öll „solidarísk“ dæmd til að greiða hina umstefndu fjárhæð.

Af hálfu þrotabús Borgarþvottahússins h/f, en undir rekstri málsins var Borgarþvottahúsið h/f tekið til gjaldþrotaskipta, og tók þrotabúið við málsvörninni, er því haldið fram, að þvottahúsið Drífa s/f hafi gengið inn í samninga Borgarþvottahússins og starfsfólks þess með samkomulagi við starfsfólkið og hafi starfsfólkinu verið tilkynnt um rekstrarstöðvun Borgarþvottahússins h/f og að þvottahúsið Drífa hafi tekið við rekstri þvottahússins. Starfsfólkið hafi allt samþykkt þessa ráðstöfun. Það hafi síðan þegið laun hjá þvottahúsinu Drífu. Kröfur þær, sem hafðar eru uppi í málinu, séu allar frá starfstímabili þvottahússins Drífu s/f og Borgarþvottahúsinu h/f því óviðkomandi.

Af hálfu stefndu eigenda þvottahússins Drífu s/f, þeirra Halldóru Sigurðardóttur og Guðmundar J. Þórðarsonar, er því haldið fram, að skýrt hafi verið tekið fram í upphafi, að þau tækju ekki við rekstri eða skyldum Borgarþvottahússins h/f. Stefnandi hafi þannig verið ráðinn á ný hjá þvottahúsinu Drífu s/f og fastur starfssamningur hafi ekki verið kominn á. Af þessum sökum hafi uppsagnarfrestur samkvæmt 13. gr. kjarasamnings verið vika af beggja hálfu. Þetta eigi þó aðeins við, ef uppsagnarfresturinn sé unninn, stefnandi hafi hins vegar hlaupist á brott að ástæðulausu og eigi hún því ekki kaup. Þá var kaupí vegna þriggja veikindadaga mótmælt með sömu rökum og jafnframt sérstaklega mótmælt vottorði læknis um veikindi stefnanda, þar sem það væri gefið eftir símaviðtal, en ekki skoðun á stefnanda.

Lagt hefur verið fram vottorð frá verksmiðjunni Dúki h/f, þar sem kemur fram, að launagreiðslur verksmiðjunnar til stefnanda í mars og apríl 1973, en stefnandi mun hafa hafið þar störf síðari hluta marsmánaðar, voru kr. 5.822 í mars og kr. 16.198 í apríl. Á vottorði þessu kemur fram samkvæmt skýringum lögmanns stefnanda, að samkvæmt taxta hefði stefnandi átt að hafa kr. 6.128 fyrir mars, en hún mun hafa verið eitthvað veik þann mánuð, og kr. 22.131 í apríl, en vegna hátíðisdaga, eins og páska, hafi hún ekki borið eins mikið úr bitum. Kemur þar til, að stefnandi var nýráðin hjá verksmiðjunni Dúki og hafði ekki áunnið sér réttindi sem fastráðin.

Umfangsmiklar yfirheyrslur hafa farið fram í málinu, en ekki þykir efni til að taka nema mjög takmarkað upp úr þeim.

Stefnandi hefur komið fyrir dóminn og sagt, að þeim hafi ekki

verið tilkynnt, að breytingar yrðu á rekstri þvottahússins við yfirtöku þvottahússins Drífu s/f. Það hafi ekki verið fyrr en mánudagskvöldið 19. febrúar, að stefndi Guðmundur hafi sagt henni, að hún yrði að byrja kl. 830 og hætta kl. 500 í stað þess að vinna frá 800 til 400. Hún hafi þá sagst ekki geta unnið á þennan hátt. Guðmundur hafi engu svarað þessu þá um kvöldið, en morguninn eftir hafi þær Halla Hansdóttir rætt við hann báðar og sagt honum, að þær gætu ekki breytt vinnutímanum, og þá hafi hann sagt við þær: „Þá getið þið farið“. Hún hafi þá spurt, hvort hann væri að reka þær og hann þá sagt, að ef þær gerðu ekki eins og hann segði, þá gætu þær farið. Halla hafi þá bent honum á, að í samningum stæði, að vinnutími væri ákvarðaður í samræmi við starfsfólk, og hann hafi þá sagt, að sér kæmu samningarnir ekkert við. Þær hafi síðan farið.

Sigríður Halla Hansdóttir, sem hætti um leið og stefnandi og hefur höfðað mál gegn sömu aðiljum hér fyrir dóminum, hefur skýrt svo frá, að Klara Georgsdóttir hafi tilkynnt henni, að breytingar yrðu á starfrækslu þvottahússins þann 22. janúar sl. og spurt hana, hvort hún vildi halda áfram störfum hjá Drífu, ef henni byðist það. Hún kvaðst hafa samþykkt það. Rétt fyrir hádegi þann 23. janúar hafi stefndi Guðmundur komið til hennar og beðið hana að vinna áfram. Hann hafi ekkert minnst á, að réttindi hennar breyttust við það eða starfstilhögun að nokkru leyti. Þann 20. febrúar hafi hún mætt á vinnustað rétt fyrir kl. 800, hafi þá Klara Georgsdóttir nefnt það við hana, að breyta ætti vinnutilhögun, og enn fremur, að hún væri ekki þeirra megin um það atriði. Um tíuleytið hafi Guðmundur komið til þeirra og sagst ætla að breyta vinnutíma og láta vinna frá kl. 830 til 500. Þær Erla Þórðardóttir hafi þá sagt, að þær gætu það ekki vegna heimilisástæðna. Hann hafi þá sagt, að þær gætu farið. Þær hefðu farið þann sama dag. Guðmundur hafi sagt við þær: „Ef þið getið ekki gert eins og ég segi, þá getið þið farið“. Hún kvaðst hafa bent honum á, að í samningum stæði, að vinnutími ákvæðist í samráði við starfsfólk. Hann hafi sagt, að samningarnir kæmu sér ekkert við.

Klara Georgsdóttir hefur komið fyrir dóminn. Framburður hennar um yfirtöku stefnda Guðmundur á rekstri þvottahússins er mjög á sömu lund og þeirra Erlu og Höllu. Hún kvaðst ekki hafa haft afskipti af því, þegar þær hættu fyrir fullt og allt, Erla og Halla. Hún kvaðst ekki hafa samþykkt breytta vinnutilhögun. Hún kvaðst hafa sagt Guðmundi, að hann gæti ekki breytt vinnu-

tilhögun nema í samráði við þær. Þetta væri skýrt í samningunum.

Stefndi Guðmundur J. Þórðarson skýrði svo frá fyrir dóm-inum, að hann hafi sagt fólkinu, að hann hefði tekið við hús-næðinu og væri farinn að reka þvottahúsið Drífu og þær konur, sem hann hefði ekki vinnu fyrir, yrðu að hætta, en hinar mundi hann ráða áfram. Hann kvað það hafa verið skýrt tekið fram við Erlu og Klöru, þegar hann ræddi við þær ásamt Ragnari Ingólfs-syni, að hann tæki ekki á sig nokkrar skyldur Borgarþvottahúss-ins. Ætluðu þær að vinna hjá honum, þá væru þær ráðnar sem nýr starfskraftur við þvottahúsið Drífu. Þetta hafi verið skýrt tekið fram. Þá hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi ekkert talað við starfsfólkið né stéttarfélag þess um breytta vinnutil-högun. Allar hinar konurnar, aðrar en Erla og Halla, hafi látið það eiga sig, þegar hann sagði þeim, að hann ætlaði að breyta vinnutímanum.

Ragnar Ingólfsson, sem var prókúruhafi Borgarþvottahússins h/f á þeim tíma, er þvottahúsið Drífa s/f tók yfir rekstur þess, hefur skýrt svo frá fyrir dóm-inum, að það hafi orðið að sam- komulagi við Guðmund J. Þórðarson, að hann fengi afnot af vélum Borgarþvottahússins og tæki jafnframt allt fólkið í vinnu á sama kaupum og með sömu skilmálum og það hafði áður unnið. Skriflegur samningur hafi ekki verið gerður á milli þeirra Guð- mundar, en aftur á móti hafi hann kallað til Klöru Georgsdóttur, sem hafi verið þarna verkstjóri, og Erlu Þórðardóttur. Þær hafi báðar verið viðstaddar, þegar þessi samningur fór fram, og hafi tilkynnt fólkinu um hann. Aðspurður af dómáranum kvaðst hann eiga við það, að Guðmundur J. Þórðarson hefði tekið á sig allar skyldur gagnvart starfsfólkinu og gengið inn í samninga Borgar- þvottahússins við það með þeirra samþykki.

Álit dómsins.

Ragnar Ingólfsson, prókúruhafi Borgarþvottahússins h/f, hefur borið fyrir dóm-inum, að þvottahúsið Drífa s/f hafi gengið inn í samninga Borgarþvottahússins h/f við starfsfólkið með þeirra samþykki. Stefnandi, Klara Georgsdóttir, og Halla Hansdóttir hafa borið, að þær hafi ekki annað vitað en að starfskjör þeirra yrðu óbreytt. Stefnandi, sem hafði sérstaklega umsamið 10% álag á sitt kaup, hélt því, eftir að þvottahúsið Drífa tók við rekstr- inum. Þegar þetta allt er skoðað, þykir stefndu eigendur þvotta- hússins Drífu s/f ekki hafa sannað, að um nýja ráðningu hafi verið að ræða, og verður að leggja til grundvallar, að stefndu hafi tekið við skyldum Borgarþvottahússins gagnvart starfsfólkinu.

Ber þegar af þessum ástæðum að sýkna þrotabú Borgarþvottahússins af kröfum stefnanda, en allar kröfur hennar eru tilkomnar, eftir að þvottahúsið Drífa s/f tók við rekstrinum.

Stefnandi hafði, er hún sagði upp störfum hjá þvottahúsinu Drífu, unnið samanlagt meira en 1 ár hjá Borgarþvottahúsinu h/f og Drífu s/f. Í 13. gr. samnings milli Félags íslenskra iðnrekenda, Vinnuveitendasambands Íslands og Iðju, félags verksmiðjufólks, segir: „En er starfsfólk hefur unnið samfelld eitt ár eða lengur hjá sama fyrirtæki, er uppsagnarfrestur þess tveir mánuðir“. Síðar í þessari sömu grein, en annarri mgr., segir, að uppsögn skuli vera skrifleg og miðast við mánaðamót. Stefnandi er að vinna þennan uppsagnarfrest, þegar deila verður um vinnutilhögun. Í 2. gr. kjarasamnings eru ákvæði um vinnutíma. Í lokaákvæði greinarinnar segir, að heimilt sé að semja um aðra tilhögun vinnu- og neyslutíma, ef samþykki Iðju og FÍI eða VSÍ kemur til. Hjá Borgarþvottahúsinu h/f var unninn annar vinnutími en samkvæmt 2. gr. Samkvæmt því, sem að ofan er sagt, tóku stefndu við þessum vinnutíma. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. kjarasamnings skal byrjun og lok vinnutíma ákveðast í samráði við starfsfólk. Enda þótt þetta ákvæði standi í grein, sem aðeins fjallar um vaktir, þá þykir í samræmi við lokamálsgrein 2. gr. þetta eiga einnig við um annan vinnutíma. Af þessu leiðir, að stefndi Guðmundur þurfti, ef hann vildi breyta vinnutíma, að ákveða það í samráði við starfsfólkið. Auk þess þurfti til samþykki Iðju og Félags íslenskra iðnrekenda. Stefndu hafa ekki sýnt fram á, að stefndi Guðmundur hafi gætt þessara ákvæða í viðskiptum sínum við stefnanda eða annað starfsfólk þvottahússins Drífu s/f. Leiðir þetta til þess, að stefnandi þurfti ekki að hlíta því að vinna út uppsagnarfrestinn með þeirri vinnutilhögun, sem stefndi Guðmundur hafði ákveðið, en hann hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi boðið henni að vinna út uppsagnarfrestinn samkvæmt fyrri vinnutilhögun. Verður því að líta þannig á, að stefndi Guðmundur hafi látið hana fara fyrirvaralaust. Af öllu þessu þykir leiða, að stefnandi eigi bætur úr hendi stefndu vegna ólögmeðrar framkomu stefnda Guðmundar í sambandi við slit starfssamningsins. Samkvæmt 6. mgr. 19. gr. kjarasamnings skal færa sönnur á veikindaforföll með læknisvottorði. Stefnandi hefur lagt fram læknisvottorð varðandi veikindi sín. Stefndi hefur mót-mælt þessu vottorði, en þar sem vottorðið hefur ekki verið hrakið, þykir verða að leggja það til grundvallar í málinu, sjá hér 5. mgr. 19. gr. kjarasamnings, sbr. 4. gr. laga nr. 16/1958. Reikn-

ingur stefnanda, sem krafa hennar byggist á, hefur ekki sætt tölu-
legum andmælum, og þykir mega hafa hann til hliðsjónar við
ákvörðun bóta til stefnanda. Þessar bætur þykja hæfilega metnar
á kr. 50.000, þar með talin greiðsla til stefnanda vegna 3 veik-
indadaga.

Vextir þykja hæfilega ákveðnir 7% ársvextir af allri upphæð-
inni frá 20. febrúar 1973 til 16. maí 1973, en 9% ársvextir frá
þeim degi til greiðsludags. Samkvæmt úrslitum málsins þykir
rétt, að stefndu eigendur þvottahússins Drífu s/f greiði stefnanda,
Erlu Þórðardóttur, kr. 20.000 í málskostnað. Rétt þykir með tilliti
til þess, hversu óvandlega var gengið frá samningum milli Borg-
arþvottahússins h/f og þvottahússins Drífu s/f, að þrotabú Borg-
arþvottahússins h/f beri sjálft sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Eigendur þvottahússins Drífu s/f, þau Halldóra Sigurðar-
dóttir og Guðmundur J. Þórðarson, greiði in solidum stefn-
anda, Erlu Þórðardóttur, kr. 50.000 með 7% ársvöxtum frá
20. febrúar 1973 til 16. maí 1973, en með 9% ársvöxtum frá
þeim degi til greiðsludags og kr. 20.000 í málskostnað, allt
innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri
aðför að lögum.

Stefndi þrotabú Borgarþvottahússins skal sýkn af kröfu
stefnanda, Erlu Þórðardóttur. Þrotabúið skal sjálft bera kostn-
að sinn af málinu.
